

Miðvikudaginn 5. október 1983.

Nr. 163/1983. **Haukur Magnússon**

gegn

**Halldóri Sigurgeirssyni, fulltrúa  
yfirborgarfégetans í Reykjavík.**

Kærumál. Kæra á hendur dómara samkv. niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1983, sem barst Hæstarétti 29. ágúst 1983. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði gerð viðurlög lögum samkvæmt vegna málsmeðferðar sinnar við árangurslausu lögtaksgerð, sem talin sé hafa verið gerð hjá sóknaraðilja að Barðavogi 3 í Reykjavík 17. maí 1983 vegna vangoldinna opinberra gjalda svo og dráttarvaxta, samtals að fjárhæð 168.00 krónur. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili færir þau rök fyrir kröfum sínum, að varnaraðili hafi ekki farið að réttum lögum við framkvæmd hinnar árangurslausu lögtaksgerðar, en „hafi með löglausum og vítaverðum vinnubrögðum sínum lýst (sóknaraðilja) eignalausum án tilefnis og með því valdið honum kostnaði og sárindum og þannig gert á hlut hans, að viðurlögum eigi að sæta.“ Gerð þessari verði ekki áfrýjað vegna þess, að lögtakskrafan nái ekki áfrýjunarfjárhæð. Hafi því sá kostur verið valinn að neyta kæruheimildar lokaákvæðis 21. greinar laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili telur eftirtalin atriði við framkvæmd hinnar árangurslausu lögtaksgerðar sérstaklega aðfinnsluverð:

Engin fógætaerð hafi farið fram á heimili sóknaraðilja og ekki sé þess getið í fógætabók, að reynt hafi verið að hafa samband við heimilisfólk. Þá sé ekki skráð í fógætabók, á hvaða tíma dags fógætaréttur hafi verið haldinn. Að síðustu er á það bent af hálfu sóknaraðilja, að í fógætabók segi, að maður að nafni Jónas Sigurðs-

son hafi mætt í fógetaréttinum fyrir sóknaraðilja. Sá maður hafi þó ekki verið skipaður réttargæslumaður sóknaraðilja og engin nánari deili séu á honum sögð, svo að unnt sé að vita, hver í hlut eigi, og eigi hafi hann undirritað gerðina, svo sem lögskylt sé.

Ekki eru slíkir annmarkar á athöfnum varnaraðilja, þeim er kærumál þetta fjallar um, að efni séu til að líta svo á, að hann hafi með þeim gert á hlut sóknaraðilja, þannig að áminningu eða sektum varði eftir niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð:

Framangreind krafa sóknaraðilja, Hauks Magnússonar, verður ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. maí 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 17. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Barðavogi 3 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Halldóri Sigurgeirssyni með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Hauki Magnússyni, s. st., fyrir opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 3831-0968, 1982 með bókuðum dráttarvöxtum, samtals 168.00 auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti lagði fram gjaldheimtuspjald með áritaðri beiðni, þingm. nr. 1. Nr. 1 fylgir með í ljósriti.

Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur í dagblöðum.

Af hálfu gerðarþola er mættur í réttinum að tilhlutan fógetans Jónas Sigurðsson, sem hér er staddur, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafín gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mætta að vísa á eignir gerðarþola til lögtaks og brýndi fyrir mætta að setja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti kvaðst engar eignir geta bent á til lögtaks. Lögtaksgerðin varð árangurslaus.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið